

neitar því, sýnandi þeim fram á, að slík tilraun myndi verða til meira ills en góðs, því með því móti myndi þeir rífa svo eða svo mikið af hveitinu upp með illgresinn, og segir þeim að láta hvorttveggja vaxa saman til uppskerunnar. Jesús sjálfir útlegr þessa dæmisögu. „Hinn góði ávöxtr“ — segir hann þar — „eru guðs börn“; en „illgresið eru börn hins vonða.“ Hin kristna kirkja á miðöldunum breytti yfir höfuð að tala alveg þvert á móti fyrir mælum frelsarans í þessari dæmisögu. Hún beitti hvað eftir annað ofbeldi við þá alla, er í hennar augum voru heiðingjar, ofsótti þá, kvaldi þá, deyddi þá. Henni gat með engu móti skilizt, að illgresið ætti nokkurn minsta rétt á sér á meðal hveitisins. En á Íslandi kom ekkert slíkt fram við kristnitökuna forðum, né heldr á næstu tveimr öldum þar á eftir eða lengr meðan sami andinn var ráðandi yfir hinum kirkjulegu leiðtogum þjóðarinnar. Þeir skildu það til hlítar, hvers vegna ómögulega má uppræta illgresið, fyrir þá sök, að sannleikr sá, sem felst í hinni dæmisögunni, þeirri um súrdeigið, hafði náð svo sterku haldi á hjórtum þeirra. Það að ekki má — í hinni fyrrnefndu dæmisögu — uppræta illgresið er ekki að eins vegna þess, að hveitið, sem niðri í jörðinni er því svo samvaxið, myndi um leið verið rífið upp og eyðilagt, heldr líka fyrir þá sök, að illgresið getr fyrir guðlegt kraftaverk ummyndast og orðið að hveiti, og það er vilji drottins, að það kraftaverk verði — óteljandi slík yfirnáttúrleg kraftaverk. Og það gjörist einmitt á þann hátt, að hinir kristnu menn hafi þau áhrif á heiðingjana, sem með þeim lifa, að líka þeir verði kristnir. Frelsarinn kennir ekkert um þetta í dæmisögunni um illgresið á meðal hveitisins, — vill skiljanlega ekki gjöra það þar, svo líkingarmál þeirrar dæmisögu ekki verði ónáttúrulegt. En til þess að bæta það upp, sem þar vantar, kemr hann með dæmisöguna um súrdeigið.

Gegn um textann og gegn um forfeðr vora á Íslandi, sem verkfæri orðn í guðs hendi til þess að leiða kristindóminn fyrir nú hundruð árum inn í þjóðlíf vort, kemr nú frelsari vor Jesús Krístr sjálfir til vor, íslenzkra kirkjumanna, og leggr oss á hjarta þann mikla sannleik, að vér erum af honum sjálfum

kjörni
Vér v
sé fyri
guðleg
samvi
komi
orð he
getr d
miklu
anda
heyren
hefir r
sögu k
munni
halda
kirkjul
getr el
þess
vott u
menni
kristin
Meðar
var að
innar,
koma
málef
skyldi
goðin,
stað h
stað.
guði,
Gizur
og hrin
mannk
skulun
gáfu þ
heilagr